

253. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar miðvikudaginn 15. febrúar 2017, kl. 13:00.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níeldóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og Ari Eggertsson, umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar, og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ávöxtun fjármuna SOS

Bjarni Guðmundsson fór yfir tilboð frá bönkum í ávöxtun og lagði fram minnisblað með tillögu um skiptingu fjárins á bankareikninga. Tillaga Íslandsbanka um ávöxtun og bindingu fjármuna SOS var samþykkt.

2. Laun stjórnar SOS

Samþykkt var að fylgja tillögu SASS um breytingar á þóknun stjórnar, s.s. þóknanir miði við þingfararkaup með sömu breytingum og samþykkt var fyrir stjórn SASS. Stjórn samþykkir framangreint og vísar þessu til staðfestingar aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands.

3. Orkugerðin

Farið var yfir upplýsingar um stöðu mála. Nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.

4. Sorpa, tímasett áætlun um framhald á samstarfi

Samningur við Sorpu rennur út í lok næsta mánaðar. Formaður skýrði frá óformlegum samskiptum sínum við rekstraraðila annarra urðunarstaða.

Lögð voru fram drög að tímasettri áætlun sem send verður Sorpu, ásamt beiðni um framlengingu samnings til næstu áramóta.

5. Sorpbrennslustöð á Ísafirði

Farið var yfir hugmyndir að byggingu stórrar sorpbrennslustöðvar á Ísafirði sem brenndi um 80.000 tonnum af úrgangi á ári frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Lagt var fram minnisblað Stefáns Gíslasonar um kynningu á verkefninu sem fulltrúar SOS fengu í sl. viku. Stjórnin fagnar hugmyndum um nýjar leiðir í málaflokknum og hvetur til að nánar verði skoðað hve raunsæ hugmyndin er með tilliti til sorpmagns á landsbyggðinni.

6. Hveragerðisbær, staða úrgangsmála í sveitarfélaginu

Aldís Hafsteinsdóttir og Ari Guðmundsson fóru yfir stöðu mála. Kynnt var fyrirkomulag á sorphirðu og flokkun. Einnig var kynnt hreinsun á fráveitu.

7. Greining á úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Stefán Gíslason fór yfir drög að áfangaskýrslu. Kaflar um einstök sveitarfélög verða sendir sveitarfélögunum til yfirlstrar. Endanlegt eintak verður sent formanni SOS sem annast dreifingu þess.

8. Önnur mál

Bjarni Guðmundsson fór yfir vinnu fyrir SOS á skrifstofu SASS.

9. Skoðunarferð í Feng í Hveragerði

Stjórn SOS heimsótti Feng í Hveragerði, sem endurvinnur heyrúlluplast og fengu kynningu á starfsemi fyrirtækisins.

10. Skoðunarferð í hreinsimannvirki Hveragerðisbæjar

Stjórn SOS skoðaði hreinsimannvirki fráveitu Hveragerðisbæjar.

Fundi slitið kl. 16:30.